

Deildarnámsskrá 2020-2021



Foldaver

Sérdeild fyrir nemendur í Foldaskóla.

Efnisyfirlit

FOLDAVER,

FOLDAVER, SÉRDEILD	3
HÚSNÆÐI	3
EINHVERFA	3
<i>Greining einhverfu.....</i>	<i>3</i>
<i>Þrjú megineinkenni einhverfu:</i>	<i>4</i>
<i>Tíðni og orsök einhverfu.....</i>	<i>4</i>
HUGMYNDAFRÆÐI.....	4
<i>TEACCH.....</i>	<i>5</i>
<i>Sjálfstæð vinna</i>	<i>6</i>
EINSTAKLINGSNÁMSKRÁ	6
TENGL UTAN SKÓLA.....	8
<i>Foreldrasamstarf og teymisvinna.....</i>	<i>8</i>
<i>Akstur.....</i>	<i>8</i>
<i>Frístundaheimili</i>	<i>8</i>
HEIMILDIR	9

FOLDAVER, SÉRDEILD

Foldaver, sérdeild fyrir börn með einhverfu var stofnuð í Hamraskóla haustið 1996 en með sameiningu skóla í Grafarvogi fluttist deildin í Foldaskóla haustið 2012. Markmið deildarinnar er að sinna einstaklingsmiðaðri kennslu og styðja við nám nemenda í almennu skólastarfi. Í dag eru 9 nemendur í deildinni en þessir nemendur eru einnig skráðir í almennar bekkjardeildir 1. - 10. bekkja.

Deildin er ein sex sérdeilda fyrir börn með einhverfu í grunnskólum í Reykjavík. Hinar fimm eru í Fellaskóla, Hamraskóla, Háaleitisskóla, Langholtsskóla og Vogaskóla.

Sækja þarf formlega um inngöngu í deildina. Með umsókninni þarf að fylgja staðfest greining á að barnið sé með einhverfu. Sérstakt inntökuteymi fjallar síðan um umsóknina og tekur ákvörðun um inntöku. Umsóknarfrestur er til 1. mars. Umsóknir skilist til skóla- og frístundasviðs, Borgartúni 12-14 eða til viðkomandi skóla.

HÚSNÆÐI

Foldaver hefur til umráða rúmgott húsnæði á efri hæð húss 2 í Foldaskóla.



EINHVERFA

Greining einhverfu.

Einhverfu var fyrst lýst sem sérstakri röskun í ritgerð læknisins Leos Kannars árið 1943 þar sem Kanner dró saman margskonar einkenni sem mynduðu heilkenni og hann gaf nafnið *autism* (Ewald Sæmundsen og Andrea Katrín Guðmundsdóttir, 2014).

Greining einhverfu byggist fyrst og fremst á atferlisþáttum. Auk skertrar getu til félagslegra samskipta og oft á tíðum sérkennilegrar, árátukenndar hegðunar er röskun á sviði boðskipta eitt af megineinkennum hjá fólki með einhverfu (Mesibow, Shea og Schopler, 2004).

Þrjú megineinkenni einhverfu:

Geta til félagslegra samskipta er oftast skert.

Mál, tjáskipti og leikur þróast ekki eins og eðlilegt má teljast.

Sérkennileg og áráttukennd hegðun getur verið áberandi.

Einkenni einhverfu geta verið mörg og af mismunandi styrkleika. Raskanir á einhverfurófi eru því margskonar birtingarmyndir af einhverfu. Með því að vita um vanda barnsins er hægt að hafa áhrif á umhverfi þess og hjálpað því að takast á við hindranir í veröld þeirra sem ekki eru með einhverfu (Umsjónarfélag einhverfra, 2012).

Tíðni og orsök einhverfu.

Fyrstu rannsóknir á algengi einhverfu í heiminum gáfu til kynna að hún væri sjaldgæf eða um 3-5 af 10.000 en nú er tíðnin talin miklu hærri. Nýjustu tölur á Íslandi benda til að allar einhverfurófsraskanir séu 120,1 af 10.000 (1,2 %) (Ewald Sæmundsen, 2014). Sjá nánari umfjöllun um röskun á einhverfurófi á www.greining.is

HUGMYNDAFRÆÐI

Börn og unglingar með einhverfu er mangleitur hópur og þau búa yfir ólíkum eiginleikum. Þó hamla einhverfu einkenni þeim við flestar aðstæður í daglegu lífi. Hjá langflestum sem eru með einhverfu er skynúrvinnsla ekki dæmigerð og það hefur áhrif á líðan og atferli (Póra Leósdóttir, 2014).

Rannsóknir sýna að einstaklingum með einhverfu reynist erfitt að sjá heildarmynd af hlutum, bæði hlutbundið og óhlutbundið. Þau vilja festast í smáatriðum sem skipta engu máli.

Þegar kennsla þessara barna er skipulögð er ýmislegt sem þarf að hafa í huga:

Mikilvægt er að kennslan sé einstaklingsmiðuð.

Barnið verður að sjá tilgang í því sem það er að læra.

Kennslan verður að vera skilmerkileg og nákvæmlega tengd viðfangsefninu.

Kennslan þarf að vera í tengslum við og byggja ofan á annað sem barnið hefur lært.

Það er mikilvægt að setja upp aðstæður sem hvetja til boðskipta.

Muna mikilvægi þess að bregðast fljótt við ef barnið hefur frumkvæði að boðskipum.

(Mesibow, Shea og Schopler, 2004).

Sjónræn og skýr skilaboð nýtast vel í tjáskiptum við einstaklinga með einhverfu og byggist TEACCH aðferðafræðin á þessari staðreynd.



TEACCH.

Grundvöllur starfs í Foldaveri byggist á hugmyndafræði TEACCH (*Treatment and education of autistic and related communication handicapped children*). Meginhugmyndafræði TEACCH er að leggja áherslu á sérþarfir og menningu fólks með einhverfu og leitast við að skipuleggja og aðlaga umhverfið til að auðvelda fólki með einhverfu að lifa og starfa í heimi þeirra sem eru ekki með einhverfu.

Í TEACCH er gengið út frá því að flest börn með einhverfu skilji betur það sem þau sjá en það sem þau heyra. Þar er m.a. lögð áhersla á skipulagða kennslu og kennsluumhverfi, fyrirsjáanleika og yfirsýn yfir væntingar með hjálp sjónræns stuðnings, sem hentar hverjum og einum (Mesibow, Shea og Schopler, 2004). Hvað varðar boðskipti hefur verið lögð áhersla á að sjónrænn stuðningur hjálpi börnum með einhverfu að lesa í umhverfið. Að bæta myndrænum stuðningi af ýmsum toga við talað mál hefur gefið góða raun við kennslu þessara barna og hjálpað þeim við flókin viðfangsefni. Leitast er við að hafa sjónrænt skipulag bæði á tíma og verkefnavinnu. Gott sjónrænt skipulag eykur öryggi og sjálfstraust nemenda, gerir þeim kleift bæði að kynna nýjum athöfnum og fá aukið þor til að framkvæma þær.



Stundaskrár, vinnuáætlun og vinnusvæði

Stundaskrá er ætlað að gefa sem gleggsta mynd af því sem framundan er, hvenær og hvar. Stundaskrá getur spannað allt frá hluta úr degi til viku, verið skrifuð, myndræn, í spjaldtölvu eða allt eftir þörfum nemandans.



Hver nemandi hefur sitt eigið vinnusvæði þar sem hann geymir bækur sínar og önnur námsgögn, gerir verkefni sín og vinnur sjálfstætt. Skipuleggja þarf vinnusvæðið þannig að nemandi geti sótt gögn sín sjálfur og gengið frá þeim. Til þess verða góðar og merktar hirslur að vera til staðar.

Nemendur hafa einnig verkefni í merktum kassa eða skúffu til að vinna í almennri bekkjarstofu. Einnig geta nemendur sem sækja almennar kennslustundir haft með sér merktar möppur sem innihalda allt það sem nemandinn þarf að hafa meðferðis fyrir hverja námsgrein. Fylgja þarf vinnuáætlun eins og lýst er fyrir ofan. Með þessu móti getur nemandinn leyst aukaverkefni í bekknum ef hann ræður ekki við efnið eins og það er lagt fyrir í hverjum tíma.



Sjálfstæð vinna

Í sjálfstæðri eða skipulagðri vinnu er ætlast til að nemandi æfi og viðhaldi þeirri kunnáttu sem hann hefur þegar öðlast. Uppsetning þarf að vera skýr og sjónræn, með greinilegu upphafi og endi, hvað á að gera, hvernig og hve lengi. Ætlast er til að nemendur vinni þessi verkefni með sem minnstri aðstoð. Þetta vinnulag verður til þess að nemandinn öðlist sjálfstæði, læri að fylgja ákveðnu vinnuferli, auki úthald sitt og læri að sitja við borð.

EINSTAKLINGSNÁMSKRÁ

Nám í deildinni er byggt á námsmarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla, grunnþáttum menntunar og lykilhæfni. Grunnþættir menntunar eru læsi í víðum skilningi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þessir þættir eiga að koma við sögu í öllum námsgreinum og vera leiðarljós í menntun til undirbúnings þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi (Aðalnámskrá Grunnskóla, 2013).

Mikilvægt er að stuðla að sjálfstæði nemenda með aðlögun á námsefni og skólaumhverfi. Allir nemendur deildarinnar hafa einstaklingsnámskrá sem unnin er af kennurum í samráði við foreldra þeirra. Haft er til hliðsjónar almenn námskrá þess aldurshóps sem nemandinn tilheyrir en auk þess er horft á getu, óskir og þarfir nemandans svo og óskir foreldra. Brýnt er að leggja áherslu á styrkleika nemandans. Einnig hefur verið stuðst við aðlagða skólanámskrá Sérdeildar Suðurlands við að setja upp aðlöguð markmið fyrir nemendur (Sérdeild Suðurlands, 2017).

Einstaklingsnámskrá er unnin í Mentor tölvukerfinu. Í námskrá eru settar fram námslotur, námsviðmið, upplýsingar um skipulag kennslu og námsmat. Í námsmati eru notuð 5 hæfnitákn Mentors sem viðmið um námsárangur. Samkvæmt reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla frá því í júní 2010 eru sett fram þau markmið að nemendur:

fái jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar þannig að komið sé til móts við náms-, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir þeirra, fái fjölbreytt nám við hæfi í hvetjandi námsumhverfi og í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu, geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu og verið félagslega virkir þátttakendur í skólasamfélaginu þar sem byggt er á styrkleikum þeirra, hafi jöfn tækifæri í grunnskólum í samræmi við alþjóðlega samninga um réttindi barna og fatlaðra.

Þátttaka nemenda í bekk fer eftir úthaldi, getu og áhuga. Í skóla án aðgreiningar er gengið út frá því að skólinn sé sá staður sem kemur til móts við einstaklingsþarfir hvers nemanda og tekur tillit til sérkenna og hæfileika hvers og eins. Þegar einstaklingsnámskrá eða kennsluáætlun er gerð þá verður að ganga út frá þörfum hvers og eins. Til að efla og nýta heildtæka skólastefnu sem best fyrir nemendur sérdeildar er markmiðið að efla samvinnu milli kennara sérdeildar og bekkjakennara.



TENGL UTAN SKÓLA

Foreldrasamstarf og teymisvinna

Þegar um er að ræða barn með sérþarfir er gott samstarf og upplýsingamiðlun á milli heimilis og skóla algjör forsenda þess að vel takist til með nám barnsins. Einnig er mjög mikilvægt að kennarar og annað fagfólk beri saman bækur sínar og starfi saman. Reglulegir teymisfundir eru mikilvægir þar sem upplýsingum er miðlað og byggð upp samvinna milli heimilis og ólíkra fagaðila. Aðeins þannig næst markviss árangur í starfi. Fundir vegna hvers barns eru að jafnaði tvisvar sinnum á önn og jafnvel oftari ef þörf krefur. Bæði foreldrar og kennarar geta beðið um fund. Fyrir dagleg samskipti eru auk tölvupósts notaðar samskiptabækur. Þar fara upplýsingar um hvað barnið hefur verið að gera þann daginn.

Akstur.

Nemendum stendur til boða akstur til og frá skóla. Skólaaksturinn er í höndum Strætó. Auk þess geta nemendur fengið akstursþjónustu þegar þau eru í skammtímavistun.

Frístundaheimili

Nemendum deildarinnar í 1.- 4.bekk stendur til boða dvöl á frístundaheimilinu Regnbogalandi eftir að skóla lýkur á daginn og eins yfir sumartímann. Nemendum í 5.-10. bekk stendur til boða frístundaúrræði fyrir börn með sérþarfir í Frístundaklúbbi Grafarvogs (Höllin). Yngri nemendur eru sóttir af starfsfólki frístundaheimilisins Regnbogalands en eldri nemendur fara með bíl frá Strætó í Höllina.

HEIMILDIR

Aðalnámskrá Grunnskóla. Mennta og menningarmálaráðuneyti 2013.

Aðlöguð námskrá fyrir Sérdeild Suðurlands, Setrið Sunnulækjarskóla 2017.

Ewald Sæmundsen og Andrea Katrín Guðmundsdóttir. Saga einhverfu: Sögulegt ágríp. *Litróf einhverfunnar*. Sigríður Lóa Jónsdóttir og Ewald Sæmundsen ritstjórar. Reykjavík: Háskólaútgáfan 2014; 17-32.

Ewald Sæmundsen. Saga einhverfu: Sögulegt ágríp. *Litróf einhverfunnar*. Sigríður Lóa Jónsdóttir og Ewald Sæmundsen ritstjórar. Reykjavík: Háskólaútgáfan 2014; 65-74.

Mesibow, G.B., Shea, V. & Schopler, E. *The Teacch approach to autism spectrum disorders*. Chapel Hill: Springer 2004.

Umsjónarfélag einhverfra. *Bæklingur um einhverfu*. Reykjavík: Umsjónarfélag einhverfra.

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla. (2010) Mennta og menningarmálaráðuneyti.

Póra Leósdóttir. (2014). Fjölskylda og velferð: Þátttaka og lífsgæði. *Litróf einhverfunnar*. Sigríður Lóa Jónsdóttir og Ewald Sæmundsen ritstjórar. Reykjavík: Háskólaútgáfan 2014; 295-311.